



Staðan á vinnumarkaði leitar í kunnuglegt horf

Atvinnuleysi hefur minnkað hratt

Atvinnuleysi hefur minnkað hratt á undanförunum misserum og er orðið minna áhyggjuefni en áður var. Nú í mars var skráð atvinnuleysi 2,7% og meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánuði 2,8% samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar. Eftirspurn eftir vinnuafli hefur aukist mikið í takt við aukna eftirspurn í hagkerfinu og er nú meira rétt um skort á vinnuafli í ákveðnum greinum en atvinnuleysi.

Mat stjórnenda í könnun Seðlabankans og Samtaka atvinnulífsins frá því í mars var að aðstæður í atvinnulífinu væru svipaðar og á árinu 2007 og að meiri bjartsýni ríki um aðstæður eftir 6 mánuði en þá var. Nú telur um þriðjungur fyrirtækja að um skort á starfsfólki sé að ræða samanborið við 17% á síðasta ári. Eins og verið hefur er skorturinn talinn mestur í byggingariðnaði og ferðaþjónustu, en skortur á starfsfólki hefur aukist mikið í iðnaði og þjónustugreinum.

Mikill innflutningur vinnuafis


Umræðan er aftur orðin hávær um að ekki verði hægt að anna vinnuafis eftirspurn á næstu árum með innlendu vinnuafli einvörðungu og því þurfi innflutningur vinnuafis að stóraukast.

Hagstofan hefur ekki enn birt tölur um fólksflutninga til og frá landinu á árinu 2015, en á árunum 2012-2014 fluttu rúmlega þrjú þúsund fleiri erlendir ríkisborgarar á aldrinum 20-59 ára til landsins en frá því. Ætla má að nettóinnflutningur hafi ekki verið minni á árinu 2015 en á árinu 2014.

Atvinnuþáttaka nálgast fyrra hámark


Í mars hafði atvinnuþáttaka síðustu 12 mánuði verið 82,7% að meðaltali. Samsvarandi tala í mars 2015 var 81,9%. Á árinu 2007 var atvinnuþáttaka að meðaltali 83,6% og 82,8% á árinu 2008. Árið 2012 var atvinnuþáttakan að meðaltali 80,5% þannig að hún er nú rúmum tveimur prósentustigum meiri en var þá.

Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild

Aðfluttir og brottfluttir erlendir ríkisborgarar á aldrinum 20-59 ára



Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuþáttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Starfandi fólki fjölgar mikið

Starfandi einstaklingum fjölgaði um sex þúsund á árinu 2015 frá árinu áður. Frá árinu 2012 hefur starfandi einstaklingum fjölgað um rúm fjórtán þúsund.


Mismunandi þróun eftir landssvæðum

Í kjölfar hrunsins jókst atvinnuleysi mun meira á höfuðborgarsvæðinu og á Suðunesjum en annars staðar á landinu. Reyndar má segja að atvinnumál á Suðurnesjum hafi komist í uppnám fyrr, m.a. vegna brottfarar hersins. Atvinnuleysi var alls staðar í hámarki á árunum 2009 og 2010. Skráð atvinnuleysi fór yfir 13% á Suðunesjum á árinu 2010 og á sama tíma fór það upp undir 9% á höfuðborgarsvæðinu. Að meðaltali fór atvinnuleysi á landsbyggðinni hæst í tæp 7% á árinu 2010. Á síðustu árum hefur þróun atvinnuleysis verið mjög hagstæð á Suðurnesjum og hefur það nálgast stöðuna annars staðar á landinu. Nú í mars hafði meðalatvinnuleysi á Suðurnesjum verið 4,4% síðustu 12 mánuði, 3,5% á höfuðborgarsvæðinu og 3,0% á landsbyggðinni.

Atvinnuleysið ekki aðalatriðið lengur


Það lítur því út fyrir að áhyggjur manna í dag beinist ekki eins mikið að atvinnuleysinu eins og verið hefur á síðustu árum, nú er meira rætt um skort á vinnuafli og væntanlegan mikinn innflutning erlends vinnuafils. Skjótt skipast veður í lofti eins og oft áður í íslensku efnahagslífi.

Meðalfjöldi starfandi á íslenskum vinnumarkaði



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Þróun atvinnuleysis - 12 mánaða meðaltal



Heimild: Vinnuálastofnun, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.